



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð
í lögfræði**

**Ákvörðun árslauna sjálfstætt starfandi tjónþola við
óvenjulegar aðstæður**

Beiting 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga í tilvikum sjálfstætt
starfandi tjónþola

Jón Hallmar Stefánsson

Leiðbeinandi: Björgvin Þórðarson, lögmaður
Júní 2022

**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Ákvörðun árslauna sjálfstætt starfandi tjónþola við
óvenjulegar aðstæður**

Beiting 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga í tilvikum sjálfstætt starfandi tjónþola

Jón Hallmar Stefánsson

Leiðbeinandi: Björgvin Þórðarson

Apríl 2022

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga	3
2.1	Óvenjulegar aðstæður	4
2.2	Beiting 1. mgr. 7. gr. skbl. er ekki réttur mælikvarði á framtíðartekjur	6
3	Óvenjulegar aðstæður þegar um ræðir sjálfstætt starfandi tjónþola.....	7
4	Ákvörðun árslauna sjálfstætt starfandi tjónþola.....	10
4.1	Launaviðmið.....	10
4.2	Þýðing hagnaðar af atvinnurekstri.....	11
4.3	Sönnun tjónþola um rauntekjur	15
4.4	Mikilvægi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.....	16
5	Niðurstöður	20
	Heimildaskrá.....	22
	Dómaskrá.....	23

1 Inngangur

Í 5. til 9. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 (hér eftir skammstöfuð „skbl.“) er að finna ákvæði um bætur fyrir varanlega örorku. Með varanlegri örorku er átt við varanlegt fjárhagslegt tjón, þ.e. tap tjónþola á atvinnutekjum eftir batahvörf af völdum tjónsatburðar. Bætur fyrir varanlega örorku hafa það markmið að bæta það tjón sem tjónþoli verður fyrir vegna skerðingar á getu til að afla vinnutekna af völdum líkamstjóns.¹

Til þess að hægt sé að ákveða bætur fyrir varanlega örorku þarf að afmarka þrjár stærðir, sem margfaldaðar eru saman til að reikna út tjón tjónþola, sbr. 1. mgr. 6. gr. skbl.² Þessar stærðir eru í fyrsta lagi örorkustig, sbr. 6. gr., í öðru lagi árslaun tjónþola, sbr. 7. gr., og í þriðja lagi margfeldisstuðull, sbr. 6. gr.

Um fjöllunarefni ritgerðarinnar er ein þessara þriggja stærða, þ.e. ákvörðun árslauna tjónþola samkvæmt mismunandi málsgreinum 7. gr. skbl. Almenna reglan samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skbl. er að árslaun skuli vera meðalvatvinnutekjur tjónþola undangengin þrjú almanaksár fyrir tjónsdag. Þá er í 2. mgr. 7. gr. skbl. undanþáguheimild þegar fyrir hendi eru óvenjulegar aðstæður í tekjuöflun tjónþola á viðmiðunartímabili meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl. Í 3. mgr. 7. gr. skbl. er að finna ákvæði um lágmarksárslaun sem stuðst er við ef ákvæðum 1. eða 2. mgr. 7. gr. verður ekki beitt, og í 4. mgr. er sett viðmið um hámarkslaun.

Í ritgerðinni verður fjallað um 2. mgr. 7. gr. skbl. og þá sérstaklega beitingu hennar þegar um ræðir sjálfstætt starfandi tjónþola. Leitast verður eftir að svara ýmsum álitaefnum á borð við; hvenær um sé að ræða óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. í tilvikum sjálfstætt starfandi tjónþola og hvaða önnur launaviðmið geti komið til greina sé fallist á að meginregla 1. mgr. 7. gr. skbl. gefi ekki rétta mynd af líklegum framtíðartekjum tjónþola.

Einnig verður fjallað um hver sé afstaða íslenskra dómstóla þegar deilt er um hvort taka eigi mið af hagnaði af rekstri tjónþola á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skbl.

¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 667

² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 527

2 Ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skbl. er meginreglan sú að árslaun til útreiknings skaðabóta fyrir varanlega örorku skuli vera meðalvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs síðustu þrjú almanaksár fyrir tjónsdag, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við.³

Með árslaunum er hér átt við brúttótekjur, þ.e. tekjur áður en tekjuskattur er dreginn frá, með tekjum skal telja bæði venjulegt framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs. Þá teljast hlunnindi, t.a.m. endurgjaldslaus bifreiðanot sem fylgdu starfi tjónþola fyrir slys einnig sem tekjur.⁴ Algengt er að tjónþoli noti skattframtöl til að sýna fram á rauntekjur sínar en þó getur verið að þau gefi ekki rétta mynd af rauntekjum hans. Hér má taka sem dæmi þegar um er að ræða sjálfstætt starfandi tjónþola sem reiknar sér tiltekin laun en fær svo hærra eða lægri laun þegar upp er staðið. Launatekjur sjálfstætt starfandi tjónþola geta samanstaðið af mörgum þáttum, t.a.m. reiknuðu endurgjaldi og hagnaði af rekstri sem hann myndar með sínu eigin vinnuframlagi.⁵

Aðstaðan kann stundum að vera sú að tekjur tjónþola síðustu þrjú ár gefi ekki rétta mynd af þeim tekjum sem hann hefur almennt notið eða mun líklega njóta, er því í 2. mgr. 7. gr. skbl. að finna undantekningarheimild frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl.⁶

Í 2. mgr. 7. gr. skbl. segir:

„Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola.“

Í athugasemdum við 6. gr. greinargerðar með frumvarpi til breytingarlaga nr. 37/1999, er tekið fram að meginregla 1. mgr. 7. gr. eigi vel við þegar um er að ræða manneskju sem er í launuðu starfi. Þó eigi þessi viðmiðunarregla ekki alltaf vel við, þar sem aðstæður eru breytilegar á milli manna, sé því í 2. mgr. að finna undantekningarheimild sem kemur til greina að beita þegar breytingar hafa orðið á högum tjónþola skömmu fyrir tjónsatburð eða þegar hægt er að fullyrða að slíkar breytingar liggi fyrir. Þar eru tekin nokkur dæmi svo sem þegar tjónþoli hefur skipt

³ Páll Hreinsson: „Ákvörðun árslauna við óvenjulegar aðstæður samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga“, bls. 400.

⁴ Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3647

⁵ Páll Hreinsson: „Ákvörðun árslauna við óvenjulegar aðstæður samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga“, bls. 406

⁶ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 537

um starfsvettvang, þannig að breyting hafi orðið á tekjum hans eða hann hafi látið af störfum eða um ræðir námsmann sem er að ljúka starfsnámi. Þá er einnig tekið fram að um sé að ræða rýmkaða heimild sem hægt sé að beita þegar meginregla 1. mgr. 7. gr. skbl. þykir af einhverjum ástæðum ekki réttmæt.⁷

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skbl. er heimilt að víkja frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl. að þremur meginskilyrðum uppfylltum. Fyrsta skilyrðið er að um sé að ræða óvenjulegar aðstæður á þriggja ára viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skbl., annað skilyrðið er að þessar óvenjulegu aðstæður leiði til þess að þau árslaun sem ákveðin væru á grundvelli meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl. séu ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur tjónþola og þriðja skilyrðið sem í rauninni helst í hendur við annað skilyrðið, er að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Þá hvílir sönnunarbyrðin á tjónþola um að umrædd skilyrði séu uppfyllt.⁸

2.1 Óvenjulegar aðstæður

Líkt og áður kom fram er fyrsta skilyrðið fyrir því að árslaun séu ákveðin sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skbl., að um sé að ræða óvenjulegar aðstæður og þurfa þessar óvenjulegu aðstæður að hafa áhrif á tekjur eða starf tjónþola.⁹

Ekki er lengur tilefni til þess að skýra hugtakið óvenjulegar aðstæður þröngt, þar sem heimild 2. mgr. 7. gr. skbl. var rýmkuð með lögum nr. 37/1999. Í athugasemdum við lagafrumvarpið var tekið fram að beiting reglunnar geti komið til álita í þeim tilvikum þar sem beiting meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl. myndi af „einhverjum ástæðum“ ekki þykja réttmæt.¹⁰

Er því um að ræða atvik sem hafa þau áhrif að tekjur tjónþola verða ekki þær sem hann hefur áður haft eða hefði getað haft ef hann hefði ekki orðið fyrir tjóni.¹¹ Áður var fjallað um nokkur dæmi sem tekin voru í frumvarpi til breytingarlaga nr. 37/1999, þar sem rétt væri að beita undantekningarheimild 2. mgr. 7. gr. skbl., þ.e. þegar breytingar hafa orðið á högum tjónþola skömmu fyrir tjónsatburð eða þegar hægt er að fullyrða að slíkar breytingar liggi fyrir.

Þessu til frekari skýringar má benda á að samkvæmt dönskum fræðimönnum eru helstu tilvikin þar sem til greina kemur að beita dönsku lagagreininni, um ákvörðun árslauna við

⁷ Alþt. 1998-1999, A-deild, bls. 1295

⁸ Páll Hreinsson: „Ákvörðun árslauna við óvenjulegar aðstæður samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga“, bls. 400-401

⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 685

¹⁰ Alþt. 1998-1999, A-deild, bls. 1295

¹¹ Páll Hreinsson: „Ákvörðun árslauna við óvenjulegar aðstæður samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga“, bls. 401.

óvenjulegar aðstæður, sem samsvarar 2. mgr. 7. gr. skbl.; a) þegar miklar breytingar verða á launum tjónþola á viðmiðunartímabilinu, svo sem vegna endurmenntunar eða stöðuhækkunar, b) þegar tjónþoli skiptir um starfsvettvang á viðmiðunartímabilinu, er þá tekið tillit til þeirra breytinga sem verða á launum hans, c) þegar tjónþoli hefur þurft að þola atvinnuleysi hluta af viðmiðunartímabilinu, d) þegar tjónþoli er heimavinnandi á viðmiðunartímabilinu, e) þegar um er að ræða tjónþola á ungum aldri sem ekki hefur enn markað sér varanlegan sess í atvinnulífinu og að lokum f) þegar um er að ræða tjónþola sem er sjálfstætt starfandi.¹²

Talsvert reynir á þessa undantekningarheimild í dómaframkvæmd. Þó er algengt að beitingu hennar sé hafnað á þeim grundvelli að tjónþola hafi ekki tekist að sýna fram á að um sé að ræða óvenjulegar aðstæður sé að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. en það er grundvallarskilyrði fyrir beitingu 2. mgr. 7. gr. skbl.

Í *Hrd. 2004, bls. 688 (328/2003)* var fjallað um tilvik þar sem tjónþola tókst ekki að sýna fram á að umtalsverðar breytingar hafi orðið á atvinnuhögum hans eftir að hann hóf sjálfstæðan leigubifreiðaakstur. Var talið að tekjur hans hefðu aukist jafnt og þétt eftir það, sem ekki var talið hafa verið fyrirsjáanlegt að hálfu tjónþola. Féllst Hæstiréttur ekki á málsástæðu tjónþola að heimilt væri að beita ákvæði 2. mgr. 7. gr. skbl. óháð því hvort óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi.

Hér má einnig benda á tvo sambærilega dóma Hæstaréttar þar sem í báðum tilvikum var um að ræða tjónþola sem byggðu á því að um óvenjulegar aðstæður væri að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. við ákvörðun árslauna, þar sem tekjur þeirra voru sveiflukenndar á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skbl. vegna þess að þeir höfðu unnið bæði á sjó og landi. Var í hvorugum dómnum fallist á að um óvenjulegar aðstæður væri að ræða. Er það til marks um að þótt tekjur tjónþola séu sveiflukenndar þá uppfylli það ekki endilega skilyrðið um óvenjulegar aðstæður.

Í *Hrd. 14. febrúar 2007 (307/2007)* hafði A lent í slysi um borð í togara sem hann vann á þegar tómst fiskikar féll á hann. Var við ákvörðun skaðabóta vegna varanlegrar örorku m.a. deilt um hvort ákveða ætti árslaun A á grundvelli meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl. eða meta þau sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr. Sagði Hæstiréttur að til þess að unnt væri að fallast á beitingu 2. mgr. 7. gr. þurfi tjónþoli að leiða líkur á því að aðstæður hans hafi á einhvern hátt verið óvenjulegur á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skbl. Þá lá fyrir í málinu að A hafði verið samfelld í vinnu þessi þrjú ár við breytileg störf á sjó og landi og að atvinnutekjur hans hafi verið sveiflukenndar. Var ekki fallist á að um óvenjulegar aðstæður hafi verið að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. og var niðurstaða héraðsdóms staðfest hvað þetta varðaði.

¹² Asger Friis, Ole Behn og Viggo Bertram: *Arbejdsskadeforsikringsloven med kommentarer: lov om forsikring mod følger af arbejdsskade*, bls. 407-414

Í *Hrd. 27. september 2012 (45/2012)* krafði J, V hf., um skaðabætur vegna slyss sem hann varð fyrir er hann féll á bakið á þilfari skips. Taldi J að skilyrði væru til þess að beita heimild 2. mgr. 7. gr. skbl. þegar kom að ákvörðun árslauna hans vegna varanlegrar örorku og vildi hann að miðað yrði við laun hans á árinu 2002 en ekki síðustu þrjú almanaksár eins og meginregla 1. mgr. 7. gr. skbl. gerir ráð fyrir. Þetta rökstuddi hann þannig að árið 2001 hafi hann ákveðið að vinna á landi og hafði þá mun lægri tekjur en hann hafði haft sem sjómaður. Honum hafði síðan snúist hugur og snúið aftur til sjós, svo sem verið hafði fyrir árið 2001. Var niðurstaðan sú að ekki var unnt að beita undanþáguákvæði 2. mgr. 7. gr. skbl. hér þar sem J hafði aflað sér atvinnutekna öll síðustu þrjú ár fyrir slys.

2.2 Beiting 1. mgr. 7. gr. skbl. er ekki réttur mælikvarði á framtíðartekjur

Ef fallist er á að um óvenjulegar aðstæður sé að ræða er annað skilyrði fyrir beitingu 2. mgr. 7. gr. skbl. að annar mælikvarði, en mælikvarði meginreglu 1. mgr. 7. gr., gefi betri mynd af líklegum framtíðartekjum sem tjónþoli hefði líklega notið hefði tjónsatburður ekki átt sér stað.

Það er tjónþoli sem ber sönnunarbyrðina um að annar mælikvarði sé réttari ef fallist er á að um óvenjulegar aðstæður sé að ræða.¹³ Er það því hans að sanna hvaða árslaun teljist réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans.¹⁴

Breytilegt er eftir hverju tilviki fyrir sig hvaða mælikvarði það er sem er lagður til grundvallar við ákvörðun árslauna tjónþola við óvenjulegar aðstæður, sbr. 2. mgr. 7. gr. skbl.¹⁵

¹³ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 540

¹⁴ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 686

¹⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 540

3 Óvenjulegar aðstæður þegar um ræðir sjálfstætt starfandi tjónþola

Í þessum kafla verður beiting undantekningarreglunnar skoðuð nánar í tilvikum þar sem tjónþoli hefur haft með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur. Við þessar aðstæður eru tekjur viðkomandi aðila oft undirorpnar tíðum breytingum. Voru tjónþolar sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur teknir sem dæmi um tilvik sem geta fallið undir 2. mgr. 7. gr. skbl. í frumvarpinu sem varð að skaðabótalögum.¹⁶ Hér þarf þó að hafa í huga að það eitt að tjónþoli hafi skipt um starfsvettvang nægir ekki til þess að um sé að ræða „óvenjulegar aðstæður“ í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl., heldur þarf tjónþoli að sýna fram á að þessi breyting hafi haft áhrif á tekjur hans þannig að meginregla 1. mgr. gefi ekki rétta mynd af framtíðartekjum hans.

Í *Hrd. 2004, bls. 688 (328/2003)*, sem áður hefur verið rakinn var fjallað um tilvik þar sem tjónþola tókst ekki að sýna fram á að með því að hefja sinn eigin leigubilarekstur á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr., hafi tekjur orðið svo sveiflukenndar að rétt væri að beita 2. mgr. Var þvert á móti talið að tekjur hans hafi eftir það aukist. Var því ekki fallist á að skilyrði til beitingar 2. mgr. 7. gr. skbl. væru uppfyllt.

Af dómaframkvæmd má ráða að margvísleg tilvik koma til álitu og verður hún því skoðuð nánar.

Fyrsta tilvikið sem hér kemur til skoðunar er þegar tjónþoli byrjar eigin atvinnurekstur á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skbl. Viðurkennt hefur verið bæði í dómaframkvæmd og í skrifum fræðimanna að til „óvenjulegra aðstæðna“ í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. teljist tilvik þar sem umtalsverðar breytingar verða á högum tjónþola þegar hann skiptir um starfsvettvang.¹⁷

Hér verður rakinn dómur Hæstaréttar þar sem heimild 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga var beitt til skýringar á því hvaða tilvik geti fallið undir „óvenjulegar aðstæður“ í þessu samhengi.

Í *Hrd. 2004, bls. 1336 (374/2003)*, var fjallað um tilvik þar sem tjónþoli sem var bifvélavirki hafði stofnað sitt eigið bifvélaverkstæði. Eftir að hann hóf eigin rekstur hafði hann lækkað verulega í tekjum. Var fallist á að um óvenjulegar aðstæður væri að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl.

Ýmis utanaðkomandi áhrif á sjálfstæða atvinnustarfsemi geta leitt til þess að tekjur tjónþola á viðmiðunartímabilinu gefi ekki rétta mynd af framtíðartekjum hans. Aðstæður geta valdið því að tjónþoli nær ekki að sinna sjálfstæðum rekstri sínum eins og fyrirhugað er. Dæmi um utanaðkomandi tilvik sem gæti fallið undir óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. eru afleiðingar fjármálahrunsins árið 2008. Hér fyrir neðan verða raktir þrjár dómur Hæstaréttar

¹⁶ Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3647

¹⁷ Asger Friis, Ole Behn og Viggo Bertram: *Arbejdsskadeforsikringsloven med kommentarer: lov om forsikring mod følger af arbejdsskade*, bls. 407-412

þar sem þetta kom til álita, sá fyrsti varðar sjálfstætt starfandi tjónþola. Í öllum þremur dómunum var fallist á að um óvenjulegar aðstæður væri að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. en ekki var fallist á beitingu 2. mgr. þar sem ekki tókst að uppfylla skilyrðið um að annar mælikvarði væri réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola.

Í *Hrd. 28. apríl 2016 (454/2015)*, þar sem tjónþoli S, sem var sjálfstætt starfandi atvinnurekandi, krafði V hf. um bætur fyrir varanlega örorku vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir þegar hann missti meðvitund við akstur. Voru báðir aðilar sammála um að ákveða skyldi bæturnar á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skbl. vegna óvenjulegra aðstæðna S á árunum 2009 og 2010. Snérist deila þeirra í málinu um hvaða árslaunaviðmið skyldi leggja til grundvallar. Í aðalkröfu sinni miðaði S við meðaltekjur sínar á árunum 2004 til 2006 við eigin atvinnurekstur sem fólst í útseldum akstri vörubifreiðar, tóku þær tekjur mið af reiknuðu endurgjaldi og hagnaði af rekstrinum öll árin. Byggði S á samdrætti sem orðið hafði í mannvirkjagerð og byggingarstarfsemi árið 2007 sem hafði haft alvarlegar afleiðingar fyrir starfsemi félagsins. Þá byggði hann einnig á því að efnahagshrun hafi orðið haustið 2008. Afleiðingar þess hafi m.a. orðið þær að útboðum vegna verkefna, sem félag hans hafi unnið að hafi fækkað verulega. Þar sem félag S fékk litlar sem engar tekjur hafi starfsemi þess stöðvast eftir því sem hafi liðið frá hruninu og laun S lækkað í samræmi við það. V hf. féllst á beitingu 2. mgr. þar sem S hafði þegið atvinnuleysisbætur á viðmiðunartímabili 1. mgr., en tók fram að þær aðstæður sem komu upp í kjölfar efnahagshrunsins gætu ekki talist óvenjulegar einar og sér. Niðurstaða Hæstaréttar, hvað aðalkröfu S varðaði, var sú að ekki var fallist á það með honum að tekjur hans árin 2004 til 2006 séu réttari mælikvarði á framtíðartekjur hans en tekjur hans vegna sama atvinnureksturs árin 2007 og 2008. Um það sagði Hæstiréttur: „*Með þessu móti verður ekki valið það tímabil sem tjónþola er hagfelldast en lítið með öllu fram hjá lægri tekjum á öðru og síðara tímabili.*“.

Í *Hrd. 22. febrúar 2018 (70/2017)* og *Hrd. 22. febrúar 2018 (71/2017)*, höfðuðu H og V mál á hendur V hf. og Í ehf. til heimtu skaðabóta fyrir varanlega örorku vegna afleiðinga umferðarslyss sem þeir urðu fyrir árið 2011. Í báðum málunum laut deilan að því hvort ákveða ætti árslaun þeirra við útreikning skaðabóta á grundvelli meginreglu 1. mgr., sbr. 3. mgr. 7. gr. skbl. þannig að miðað yrði við lágmarkslaunaviðmið eða hvort ákveða ætti þau sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skbl. og miða árslaun þeirra við meðaltekjur verkafólks. H og V voru menntaðir og með ýmis starfsréttindi tengd byggingarvinnu. Kröfur þeirra um að byggt yrði á undantekningarheimild 2. mgr., voru byggðar á því að aðstæður þeirra á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skbl. hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr., þar sem þeir höfðu verið atvinnulausir hluta af tímabilinu vegna fjármálahrunsins 2008. Fjármálahrunið hafi verið mikið bakslag fyrir íslenskt efnahagslíf og almennt atvinnuleysi hafi aukist, ekki síst í byggingariðnaði, sem þeir höfðu báðir að mestu starfað við. Í báðum málunum staðfesti Hæstiréttur niðurstöður héraðsdóms að þau efnahagsáföll sem urðu haustið 2008 og atvinnuleysi, þá einkum í byggingariðnaði, hafi leitt til sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði og þá ekki síst árin 2009 og 2010. Var því fallist á með H og V að um óvenjulegar aðstæður væri að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. Þó var ekki fallist á að ákveða árslaun þeirra sérstaklega á grundvelli 2. mgr., þar sem þeim tókst ekki að uppfylla seinna skilyrðið fyrir beitingu 2. mgr., það er að sýna fram á að annar mælikvarði væri réttari á líklegar framtíðartekjur þeirra.

Fæðingarorlof er annað dæmi um aðrar utanaðkomandi aðstæður sem geta fallið undir óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl.

Í *Lrd. 19. desember 2018 (426/2018)*, krafði tjónþoli A, sem starfaði hjá eigin fyrirtæki, O ohf. og S hf. um skaðabætur vegna slyss sem hann varð fyrir þegar hann vann verk í þágu O ohf. við að fergja plötur sem höfðuð losnað á kæliturni Helligshéðarvirkjunar. Þegar hann var að vinna verkið f auk plata á A og hlaut hann þungt höfuðhögg. Var bótaskylda O ohf. og S hf. viðurkennd. Þegar komið var að ákvörðun árslauna vegna varanlegrar örorku var fallist á með A að beita ætti 2. mgr. 7. gr. skbl., m.a. vegna þess að hann hafi verið hluta viðmiðunartímabils 1. mgr. 7. gr. skbl. í fæðingarorlofi. Taldi Landsréttur því eðlilegt að miða launatekjur A, þau árin sem hann var í fæðingarorlofi við þá mánuði þar sem hann var ekki í fæðingarorlofi umreiknað til 12 mánaða.

Þriðja tilvikið sem kemur hér til skoðunar er þegar tjónþoli hefur annað hvort hætt eigin atvinnurekstri á viðmiðunartímabilinu eða bæði hafið eigin atvinnurekstur og hætt honum á viðmiðunartímabilinu. Sé litið til dómaframkvæmdar er ljóst að hér er um að ræða tilvik sem geta fallið undir „óvenjulegar“ aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl.

Í *Hrd. 18. nóvember 2010 (100/2010)*, var til umfjöllunar tilvik þar sem tjónþoli hafði hafið sína eigin trilluúngerð á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skbl., en vegna kostnaðar við stofnun hennar voru nettótekjur af henni litlar sem engar og hann hafði ekki aðrar tekjur á þeim tíma. Stuttu fyrir tjónsdag réði hann sig um borð í skip og hækkuðu laun hans mikið við það. Var því fallist á að um óvenjulegar aðstæður væri að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. og miðað var við meðalatvinnutekjur manna við fiskveiðar á því ári sem slysið varð.

Af dómaframkvæmd Hæstaréttar og Landsréttar má draga þá ályktun að rýmkun heimildar 2. mgr. 7. gr. skbl. samkvæmt lögum nr. 37/1999 hafi skilað sér inn í dómaframkvæmd hér á landi og beiting hennar komi því til álita í flestum þeim tilvikum þar sem beiting meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl. myndi af einhverjum ástæðum ekki þykja réttmæt.

Hvað varðar sjálfstætt starfandi tjónþola, geta ýmis tilvik valdið því að fallist sé á að um óvenjulegar aðstæður sé að ræða. Þær geta t.a.m. verið tilkomnar vegna breytinga á tekjum tjónþola sem nýlega hefur byrjað eigin atvinnurekstur eða vegna utanaðkomandi aðstæðna sem hafa áhrif á atvinnurekstur og þar af leiðandi tekjur tjónþola.

4 Ákvörðun árslauna sjálfstætt starfandi tjónþola

4.1 Launaviðmið

Ef fallist er á að um sé að ræða „óvenjulegar aðstæður“ í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl., hefur tjónþoli sönnunarbyrði yfir því að annar mælikvarði sé réttari um framtíðartekjur hans.¹⁸

Það virðist vera breytilegt eftir atvikum hvaða mælikvarði sé notaður í dómaframkvæmd þegar 2. mgr. 7. gr. er beitt. Hér verður farið yfir nokkur dæmi um þá mælikvarða sem oftast er beitt þegar um ræðir sjálfstætt starfandi tjónþola.

Þegar þessar aðstæður eru fyrir hendi virðist algengt í dómaframkvæmd að miðað sé við meðallaun starfsstéttar tjónþola.¹⁹ Fyrir neðan verða reifaðir tveir dómur, annars vegar *Hrd. 2004, bls. 1336 (374/2003)*, þar sem miðað var við meðallaun þeirrar starfsstéttar sem tjónþoli starfaði við á slysadegi, og hins vegar danskur dómur, þar sem miðað var við meðallaun starfsgreinar sem tjónþoli hafði áður starfað við.

Í *Hrd. 2004, bls. 1336 (374/2003)*, sem áður hefur verið reifaður, var fallist á að um óvenjulegar aðstæður væri að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. hjá bifvélavirkja. Deilt var um hvaða mælikvarða væri réttast að miða við þegar kæmi að því að ákvarða árslau. Vildi tjónþoli að miðað yrði við meðallaun hans á síðustu þrjú ár áður en hann hafði hafið eigin rekstur en vátýggingarfélagið vildi að miðað yrði við meðallaun bifvélavirkja. Var niðurstaða héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti, sú að ekki lægi annað fyrir en að tjónþoli myndi halda áfram eigin atvinnurekstri og þar með störfum sem bifvélavirki. Var því fallist á kröfu félagsins og miðað við meðallaun bifvélavirkja á slysdegi.

Í *Ufr. 2005, bls. 1594H*, var um að ræða tjónþola sem hafði nýlega hafið rekstur á leigufélagi. Við ákvörðun árslauna hans var tekið mið af þeim tekjum sem hann hafði haft sem þjónn áður en hann hóf rekstur leigufélagsins.

Ekki er alltaf hægt að miða við meðallaun starfsstéttar tjónþola og virðist í þeim tilvikum oft miðað við meðallaun iðnaðarmanna. Þessu til stuðnings má benda á tvo dóma Hæstaréttar.

Í *Hrd. 2004, bls. 3374 (59/2004)*, lenti H, sem rak veitingarekstur í eigin nafni, í umferðarslysi árið 1995. Ekki var fallist á aðalkröfu H um að miða skyldi við þau verðmæti sem hafi orðið til í atvinnurekstri hans árin 1987 til 1995 við ákvörðun árslauna hans. Þá hafði T hf. byggt varakröfu sína á því að miða skyldi við meðallaun iðnaðarmanna. Niðurstaða héraðsdóms, sem staðfest var af Hæstarétti, var sú að fallist var á varakröfu T hf. með eftirfarandi rökum: „Í álitsgerð A [...] kemur fram, að [H] sé alls ófær um að gegna því starfi, sem hann vann fyrir slysið. Í matsgerð yfirmatsmanna er m.a. á því byggt að [H] ætti að geta nýtt sér reynslu sína og iðnmenntun, þegar litið sé til framtíðar, þótt ekki sé hægt að gera ráð fyrir, að hann vinni sjálfstætt. Með vísan til þessa þykir rétt að ákvarða [H] bætur fyrir varanlega örorku, sem miðist við meðallaun iðnaðarmanna, eins og [T hf.] byggir varakröfu sína á.“

¹⁸ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 686

¹⁹ Páll Hreinsson: „Ákvörðun árslauna við óvenjulegar aðstæður samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga“, bls. 405

Í *Hrd. 24. febrúar 2011 (405/2010)* var fjallað um tjónþola sem hafði lent í bílslysi en hann rak eigin hárgreiðslustofu. Við ákvörðun árslauna vildi tjónþoli að miðað yrði við meðaltal reiknaðra launa hans síðustu þrjú almanaksár fyrir slys, auk hagnaðar af atvinnurekstri sömu ár. Þá gerði tjónþoli einnig varakröfu að réttast væri að miða við meðaltekjur iðnaðarmanna auk mótframlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð þar sem um óvenjulegar aðstæður væri að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl. Ekki var fallist á aðalkröfu tjónþola, þar sem hagnaðurinn af atvinnurekstrinum hafði ekki verið tilkominn af vinnuframlagi hans eins. Hins vegar var fallist á varakröfu hans um að árslaunin skyldu ákveðin samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skbl., þar sem reiknuð laun hans án tillits til hagnaðar af atvinnurekstrinum töldust ekki réttur mælikvarði á framtíðartekjur hans. Var þá talið að meðaltekjur iðnaðarmanna væru réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur tjónþola.

Þá er einnig algengt að aðeins sé horft til tekna tjónþola hluta viðmiðunartímabils 1. mgr. 7. gr. skbl., þ.e. að tekið sé tillit til hluta tekjuöflunar á þeim þremur árum þar sem aðstæður hans teljast ekki óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl.²⁰

Í *Lrd. 19. desember 2018 (426/2018)*, sem áður hefur verið reifaður, þar sem tjónþoli hafði m.a. verið í fæðingarorlofi hluta af viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skbl. féllst Landsréttur á að beita 2. mgr. 7. gr. skbl. og miða við launatekjur þá mánuði árunna 2013 til 2014 sem tjónþoli var ekki í fæðingarorlofi, umreiknað til 12 mánaða.

Af dómafrankvæmd Hæstaréttar og Landsréttar í þessum málum er ljóst að sá mælikvarði sem lagður er til grundvallar við beitingu 2. mgr. 7. gr. skbl. í tilvikum tjónþola sem eru sjálfstætt starfandi eru mismunandi í hverju tilviki fyrir sig. Hér má velta fyrir sér þýðingu þess að litið sé til hagnaðar af atvinnurekstri sjálfstætt starfandi tjónþola þegar mælikvarði árslauna er ákveðinn, en að því verður vikið nánar í næsta undirkafla.

4.2 Þýðing hagnaðar af atvinnurekstri

Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eiga að reikna sér endurgjald, þ.e. laun, fyrir þá vinnu sem þeir inna af hendi fyrir fyrirtækið. Með þessi laun fer á sama hátt og almennar launagreiðslur til launþega, þ.e. af þeim þarf að reikna staðgreiðslu opinberra gjalda, greiða tryggingargjöld og iðgjöld í lífeyrissjóði.²¹ Þó þarf að hafa í huga að þegar tjónþoli er með sjálfstæðan rekstur geta tekjur hans myndast af öðrum þáttum en reiknuðu endurgjaldi, þ.e. hagnaði af rekstri og fleiri þáttum.²²

²⁰ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 540

²¹ Vefsíða Skattsins: „Reiknað endurgjald 2022“, <https://www.skatturinn.is>

²² Páll Hreinsson: „Ákvörðun árslauna við óvenjulegar aðstæður samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga“, bls. 406.

Við setningu skaðabótalaga var viðmið 1. mgr. 7. gr. skbl. þær tekjur sem tjónþoli hafði haft síðustu 12 mánuði fyrir slys. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins sem varð að skaðabótalögum kom fram að 2. mgr. 7. gr. skuli beitt í þeim tilvikum þar sem um ræðir sjálfstætt starfandi tjónþola sem hafa tekjur sem eru undirorpnar tíðum breytingum. Tekjur þeirra eru oft ekki bundnar ákveðnum tímabilum eins og almennt er með launþega sem fá greitt á mánaðar- eða vikufresti.²³

Var þessari tilhögun breytt með breytingarlögum nr. 37/1999, en með þeim var viðmiðunartímabil 1. mgr. 7. gr. skbl. breytt úr 12 mánuðum fyrir slys í meðaltal síðustu þriggja almanaksára fyrir slys.²⁴ Þá hefur bæði 1. og 2. mgr. 7. gr. skbl. verið beitt í dómaframkvæmd hér á landi eftir gildistöku breytingarlaga í tilvikum sjálfstætt starfandi tjónþola og ýmist tekið tillit til hagnaðar af atvinnurekstri eður ei. Er þetta algengt deilumál fyrir dómi.

Hér verður leitast við að varpa ljósi á framkvæmd dómstóla hér á landi þegar ákveðið er hvort taka eigi tillit til hagnaðar af atvinnurekstri sjálfstætt starfandi tjónþola. Í því skyni verða reifaðir nokkrir dómar Hæstaréttar og Landsréttar þar sem dæmt hefur verið um slík álitæfni. Í þessu sambandi verður að gera greinarmun á tveimur tegundum sjálfstætt starfandi tjónþola.

Annars vegar þeir sem eru einyrkjar, þ.e. þeir atvinnurekendur sem sýnt geta fram á að hagnaður sem rekstur þeirra myndar sé eingöngu tilkominn vegna vinnuframlags þeirra sjálfra og hins vegar þeir sem eru með starfsfólk í vinnu með sér sem eiga eða geta átt þátt í hagnaðarmyndun.

Í *Hrd. 2001, bls. 4311 (143/2001)*, var fjallað um tilvik sem gerðist fyrir gildistöku skaðabótalaga. Hér var um að ræða Ó, sjálfstætt starfandi fasteignasala. Ó lenti í umferðarslysi árið 1989. Deilur aðila snéru m.a. um grundvöll bóta fyrir varanlega örorku. Ó studdi kröfu sína m.a. við tekjur í skattframtölum sínum síðustu þrjú ár fyrir slysið. Fallist var á með S hf. að sú tekjuviðmiðun sem Ó vildi leggja til grundvallar væri óraunhæf, þar sem hún samanstóð af hagnaði í atvinnurekstri sem aflað hafði verið af Ó ásamt starfsmönnum hans og væri háður markaðsaðstæðum hverju sinni og að ekki væri eðlilegt við útreikning að blanda saman tekjum af atvinnurekstri og launatekjum. Þá væru heldur ekki rök fyrir því að umreikna slíkar tekjur miðað við almennar kaupbreytingar í landinu. Þar sem Ó hafði ekki lagt fram frekari gögn til stuðnings kröfu sinni, var talið eðlilegt að meta tjónið með hliðsjón af meðaltekjum iðnaðarmanna.

Í *Hrd. 2004, bls. 3374 (59/2004)*, hafði H sem rak veitingarekstur í eigin nafni, lent í umferðarslysi árið 1995. Reisti H kröfu sína um bætur fyrir varanlega örorku á því að miða skyldi við þau verðmæti sem hafi orðið til í atvinnurekstri hans árin 1987 til 1995, en þau hafi hann skapað með vinnu sinni. Taldi Hæstiréttur að viðmiðun af þessu tagi til ákvörðunar árslauna samkvæmt 7. gr. þágildandi skaðabótalaga væri óraunhæf, enda réðist eignamyndun rekstrarins af mun fleiri þáttum en vinnuframlagi H eins, þ.á.m.

²³ Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3647-3648

²⁴ Alþt. 1998-1999, A-deild, bls. 1294

vinnuframlagi starfsmanna og markaðsaðstæðum. Þessu til stuðnings vísaði dómurinn í *Hrd. 2001, bls. 4311 (143/2001)*, sem er reifaður hér að ofan. Þá tókst H heldur ekki að sýna fram á að miða ætti við hærri árslaun en héraðsdómur hafði lagt til grundvallar, þ.e. meðallaun iðnaðarmanna. Var því niðurstaða héraðsdóms staðfest.

Í *Hrd. 24. febrúar 2011 (405/2010)*, hlaut S, sem var hársnyrtir, líkamstjón árið 2007. Deildu aðilar máls um hvernig ákveða skyldi árslaun hans samkvæmt 7. gr. skbl. S hafði rekið einkafirma í iðngrein sinni frá 2001, en stofnaði árið 2007 einkahlutafélag um reksturinn. S reisti kröfu sína aðallega á því að við ákvörðun árslauna skyldi miða við meðaltal reiknaðra launa hans síðustu þrjú almanaksár fyrir slys auk hagnaðar af atvinnurekstrinum sömu ár, sbr. 1. mgr. 7. gr. skbl. Þá var varakrafa S sú að meta skyldi árslaun hans sérstaklega vegna óvenjulegra aðstæðna á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skbl. og að rétt væri að miða við meðaltekjur iðnaðarmanna síðasta almanaksárið fyrir slysið. Hæstiréttur féllst ekki á aðalkröfu S, þar sem síðustu þrjú ár fyrir slysið höfðu starfsmenn verið einn til þrjár. S taldist því ekki hafa sýnt fram á að hagnaður af rekstri hans, þessi ár, hafi verið tilkomin eingöngu vegna vinnuframlags hans sjálfs. Var því á móti litið svo á að framlag starfsmanna og vörusala hafi átt sinn þátt í hagnaðinum. Þó var varakrafa S tekin til greina, þar sem aðstæður hans hafi verið óvenjulegar þar sem vinnutekjur hans samanstóðu annars vegar af reiknuðum launum og hins vegar af hagnaði, sem myndaður var af fleirum en S einum. Var því talið að reiknuð laun S án tillits til hagnaðar af atvinnurekstrinum væru ekki réttur mælikvarði á framtíðartekjur hans og því fallist á að meðaltekjur iðnaðarmanna væri réttari mælikvarði.

Í *Hrd. 1. desember 2011 (138/2011)*, var til umfjöllunar tilvik þar sem tjónþoli, I hafði hlotið líkamstjón í bílslysi. Þá deildu aðilar m.a. um hvernig árslaun I skyldu ákveðin. I hélt því fram að framtalin laun hans væru ekki réttur mælikvarði á framtíðartekjur sínar heldur ætti að ákveða þau sérstaklega, samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skbl. Taldi I að taka ætti tillit til hagnaðar af rekstri hans sem einyrkja. Hér féllst Hæstiréttur á það að aðstæður I væru óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl., þar sem vinnutekjur hans samanstóðu af annars vegar reiknuðum launum hans að meðtöldu framlagi í lífeyrissjóð og hins vegar af rekstri einkafirma og síðar einkahlutafélags í hans eigu. Féllst Hæstiréttur einnig á að taka tillit til hagnaðarins af rekstrinum við ákvörðun viðmiðunartekna, þar sem ljóst var að hagnaður af rekstrinum síðustu þrjú ár fyrir slysið væri eingöngu tilkominn vegna vinnuframlags I sjálfs. Þá sagði í dómi Hæstaréttar: „*Samkvæmt gögnum málsins vann [I] hjá OR, fyrst sem launþegi en síðar sem verktaki. Verktakastarfsemina rak [I] fyrst í einkafirma sínu en stofnaði á árinu 2003 fyrrgreint einkahlutafélag um reksturinn. Er óumdeilt að [I] var á þeim árum sem hér um ræðir eini starfsmaður félagsins. Þykir því ljóst að hagnaður af rekstri einkahlutafélagsins á árunum 2003, 2004 og 2005 sé eingöngu tilkominn vegna vinnuframlags hans sjálfs. Það sama á við um hagnað af rekstri einkafirmans. Verður því fallist á með [I] að aðstæður hans séu óvenjulegar þegar ákveðin eru árslaun hans samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þar sem vinnutekjur hans eru annars vegar reiknuð laun hans að meðtöldu framlagi í lífeyrissjóð og hins vegar hagnaður af atvinnurekstrinum.*“

Í *Hrd. 28. apríl 2016 (454/2015)*, sem áður hefur verið reifaður miðaði tjónþolin S aðalkröfu sína við meðaltekjur sínar á árunum 2004 til 2006 við eigin atvinnurekstur sem fólst í útseldum akstri vörubifreiðar, tóku þær tekjur mið af reiknuðu endurgjaldi og hagnaði af rekstrinum öll árin. Hér féllst Hæstiréttur ekki á það að taka ætti tillit til hagnaðar af atvinnurekstri hans á árunum 2004 til 2006 þar sem atvinnurekstur hans fólst ekki aðeins í vinnu hans heldur einnig í útleigu á vörubifreið sem hann nýtti við reksturinn. Var því ekki talið að allur hagnaðurinn á tímabilinu hafi verið til kominn vegna vinnuframlags hans sjálfs. Þessu til stuðnings vísaði dómurinn til hliðsjónar í *Hrd. 24. febrúar 2011 (405/2010)*. Var niðurstaða Hæstaréttar í málinu sú að rétt væri að miða við meðallaun iðnaðarmanna á slysaári þar sem ekki yrði slegið föstu að tekjur hans hafi verið lægri en þær þegar litið væri

til hagnaðar af atvinnurekstri hans á því tímabili hafi verið tilkominn vegna vinnuframlags hans sjálfs.

Í *Lrd. 1. febrúar 2019 (347/2018)*, gerði A kröfu um skaðabætur úr hendi Í vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir sem nemandi í húsasmíði þegar stigi sem hann notaði til að fara af þaki á vinnusvæði skólans rann undan honum með þeim afleiðingum að hann féll um þrjá metra niður á malbikað undirlag. Hér féllst Landsréttur á skaðabótaskyldu Í. Þá byggði A aðalkröfu sína um bætur fyrir varanlega örorku á 2. mgr. 7. gr. skbl. þar sem hann hafi verið í fæðingarorlofi hluta árána 2011 og 2012 og hafi því verið um að ræða óvenjulegar aðstæður á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. Þá vildi hann að miðað yrði við árslaun hans á árinu 2013 þegar hann var í fullri vinnu hjá eigin fyrirtæki, sem hann starfaði enn hjá. Þessu andmælti Í og vildi að árslaun yrðu ákveðin á grundvelli meginreglu 1. mgr. 7. gr. Þá var varakrafa A sú að byggt yrði á meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl., þ.e. að meðalatvinnutekjur síðustu þriggja tekjuára hans fyrir slys yrðu lagðar til grundvallar við útreikning bóta, þ.á.m. hagnaður af eigin rekstri vegna tekjuáranna 2011 og 2012. Í mótmælti því að hagnaður af rekstri A yrði lagður til grundvallar við útreikning bóta. Landsréttur hafnaði aðalkröfu A, þ.e. að beita 2. mgr. 7. gr. skbl. við ákvörðun árslauna A, þar sem ekki var séð að tekjuárin 2011 og 2012 hafi verið óvenjuleg í samanburði við tekjuárið 2013. Rétturinn féllst á hinn bóginn á varakröfu A, þ.e. að þegar árslaun hans væru ákveðin samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skbl., væri rétt að miða við hvort tveggja reiknuð laun hans að meðtöldu framlagi í lífeyrissjóð og hagnað af eigin rekstri á viðmiðunartímabilinu. Þá sagði orðrétt í dómi Landsréttar: „Í dómaframkvæmd hefur verið á það fallist að við ákvörðun árslauna beri ekki einungis að líta til framtalinna launatekna tjónþola heldur geti hagnaður af eigin rekstri hans einnig verið hluti af atvinnutekjum hans, sbr. t.d. [Hrd. 1. desember 2011 (138/2011)]. Skattframtöl [A] vegna tekjuáranna 2011 og 2012 bera með sér að hann hafi verið með rekstur á eigin kennitölu þessi ár og þykir því ljóst að hagnaður af eigin rekstri hans hafi verið að öllu leyti tilkominn vegna vinnuframlags hans sjálfs.“

Af dómaframkvæmd Hæstaréttar og Landsréttar um það hvort unnt sé að taka tillit til hagnaðar af atvinnurekstri sjálfstætt starfandi tjónþola þegar árslaun hans eru ákvörðuð samkvæmt 7. gr. skbl. má draga eftirfarandi ályktanir.

Í fyrsta lagi er það grundvallarskilyrði þess að unnt sé að taka mið af hagnaði atvinnurekstrar sjálfstætt starfandi tjónþola að sá hagnaður sem um ræðir sé myndaður af honum einum, þ.e. í tilvikum einyrkja. Þá er afstaða dómstóla sú að ekki sé rétt að fallast á að taka mið af hagnaði af atvinnurekstri þegar um ræðir sjálfstætt starfandi tjónþola sem hefur starfsfólk í vinnu sem mynda þá hagnað af rekstrinum með þeim. Í þeim tilvikum reynist erfiðara að meta hversu stór hluti hagnaðar sé tilkominn vegna framlags tjónþola. Ýmsir aðrir þættir geta einnig leitt til þess að dómstólar taki ekki mið af hagnaði atvinnurekstrar tjónþola við ákvörðun árslauna, t.a.m. þáttur vörusölu og markaðsaðstæðna í myndun hagnaðar atvinnurekstrar.

Í öðru lagi bendir dómaframkvæmd til þess að árslaun einyrkja séu oftast ákvörðuð á grundvelli meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl., þegar hægt er að taka mið af hagnaði atvinnurekstrar en undantekningarheimild 2. mgr. 7. gr. skbl. sé beitt þegar tjónþoli hefur starfsfólk og því sé ekki fallist á að taka mið af hagnaði af atvinnurekstri. Er það vegna þess að þær tekjur sem ákvarðar væru eftir 1. mgr. 7. gr. skbl. án tillits til hagnaðar af rekstri gæfu ekki rétta mynd af

líklegum framtíðartekjum tjónþola. Þó má sjá undantekningu frá þessu í *Hrd. 1. desember 2011 (138/2011)*, þar sem tekið var mið af hagnaði atvinnurekstrar en 2. mgr. 7. gr. skbl. beitt við ákvörðun árslauna.

Í þriðja lagi má draga þá ályktun að tiltölulega skýr dómaframkvæmd hafi eða sé að skapast í þessum efnunum í íslensku réttarkerfi. Niðurstöður dómanna haldast nokkuð í hendur og er algengt að í úrlausnum sínum vitni dómara í eldri dómaframkvæmd til stuðnings, er því nokkuð ljóst að eldri dómarnir sem eru raktir hér að ofan hafa sterkt fordæmisgildi.

4.3 Sönnun tjónþola um rauntekjur

Líkt og áður hefur verið rakið er það tjónþola að sanna hvaða tekjur hann hefur haft og er það oftast gert með framlagningu skattframtala þau ár sem um ræðir. Hefur 7. gr. skbl. verið skýrð svo í dómaframkvæmd að átt sé við raunverulegar launatekjur en ekki framtaldar ef munur er þar á milli. Tjónþola er þó heimilt að sýna fram á launatekjur sínar með öðrum hætti en með framlagningu skattframtala þrátt fyrir mikilvægi þeirra við sönnun árslauna.²⁵

Þá kann að háttá svo til að sjálfstætt starfandi tjónþoli reikni sér ákveðin laun, en raunveruleg laun reynist svo hærri eða lægri þegar uppi er staðið. Hann gæti því þurft að grípa til annarra sönnunargagna en skattframtala til að sýna fram á raunverulegar atvinnutekjur sínar.

Haldi tjónþoli því fram að hagnaður hafi verið á rekstri sínum eða að vinnuframlag hans, þrátt fyrir að tap hafi verið á rekstri, skilað honum ávinningi í verðmætaaukningu þarf hann að sýna fram á það. Bendir dómaframkvæmd til þess að það geti reynst tjónþola örðugt séu bókhaldsgögn og skattframtal ekki ótvíræð um þetta.²⁶

Í *Hrd. 2004, bls. 3374 (59/2004)*, sem reifaður er að framan, reisti H kröfu sína um bætur frá T hf. vegna varanlegrar örorku á því að við ákvörðun árslaun samkvæmt þágildandi 7. gr. skbl. ætti að miða við þau verðmæti sem höfðu orðið til í atvinnurekstri hans á árunum 1987 til 1995, og að þau hefði hann skapað með vinnuframlagi sínu. Hélt H því fram að nettó eignaukning í rekstrinum á umræddu tímabili hafi numið u.þ.b. 30 milljónum króna. Sé þessari eignamyndun skipt niður á mánuði komi í ljós að 12 mánaða eignaukning að viðbættum reiknuðum launum hafi verið hærri en hámarksviðmiðun þágildandi 3. mgr. 7. gr. skbl. (nú 4. mgr. 7. gr. skbl.). Því var krafa hans miðuð við áðurgreint hámark. Á þessum árum hafði atvinnurekstur H verið rekinn með miklu tapi og var í yfirmatsgerð talið að þessi dulda eignamyndun í atvinnurekstri H hafi numið mun lægri fjárhæð en H hélt fram eða um 2,7 milljónum króna. Þá byggði H einnig á því að hann hafði gleymt að hækka viðmiðunarlaun sín þegar atvinnurekstur hans hafi stækkað og hann hafi því talið fram mun lægri tekjur en hann hafði í raun fengið. Var niðurstaða héraðsdóms um að miða árslaun H við meðallaun iðnaðarmanna staðfest af Hæstarétti en í forsendum héraðsdóms sagði:

²⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 684

²⁶ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 684

„Dómurinn lítur svo á, að rekstur þeirrar starfsemi, sem [H] stóð fyrir á árunum fyrir slysið 5. desember 1995 hafi ekki staðið undir hærri launagreiðslum til hans, en fram koma á skattframtali hans á slysaárinu og skattframtölum næstu ára á undan. Skattframtöl [H] þykja því gefa rétta mynd af rekstrarstöðu starfseminnar. Hún var nær öll þau ár, sem upplýsingar liggja fyrir um, rekin með verulegu tapi, sem leiddi til síaukinnar skuldasköfnunar. Rekstur fyrirtækja verður að jafnaði að skila arði, þegar til lengri tíma er litið, enda ekki á vísan að róa með framtíðarverðmæti eigna eða áunna viðskiptavild. Hvort tveggja er háð markaðsástandum á hverjum tíma. Með vísan til þessa og þeirra röksemda, sem koma fram í yfirmatsgerð, þykir verða að hafna varakröfum [H].“

Í Hrd. 18. september 2014 (142/2014), var til umfjöllunar tilvik þar sem G varð fyrir líkamstjóni þegar hann velti fjórhjóli utan vegar. Ekki var deilt um bótaskyldu T hf. í málinu og hafði uppgjör farið fram með fyrirvara af hálfu G þar sem miðað hafði verið við lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skbl. G höfðaði síðan mál gegn T hf. og byggði á því að staðgreiðslufirlit hans síðustu þrjú ár fyrir slysið sýndu ekki rauntekjur hans, þar sem hann hafði ekki skilað inn tekjuupplýsingum til skattayfirvalda vegna sjálfstæðs atvinnurekstrar síns. Aðalkrafa G var að byggt væri á hámarkslaunaviðmiði 4. mgr. 7. gr. skbl. en varakrafa hans að byggt væri á 2. mgr. 7. gr. skbl. Fyrir Hæstarétti lagði G m.a. fram skjöl um tekjur og gjöld hans á tímabilinu, sem löggiltur endurskoðandi samdi á grundvelli upplýsinga úr yfirlitum um bankareikninga hans. Taldi Hæstiréttur að þessi skjöl breyttu engu um að hann hafi ekki fært fram viðhlítandi sönnur á raunverulegar launatekjur sínar hafi verið hærri en kom fram í staðgreiðslufirlitum. Var T hf. því sýknað af kröfu G.

4.4 Mikilvægi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga

Mikið hagsmunamál getur verið fyrir tjónþola að fallist sé á að aðstæður hans falli undir 2. mgr. 7. gr. skbl. en eins og áður kom fram er 2. mgr. undantekningarheimild frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl. Í 3. og 4. mgr. 7. gr. skbl. eru árslaunum tjónþola mörkuð tiltekin ytri mörk, þ.e. þar eru tilgreind tiltekin lágmarks- og hámarkslaun.²⁷

Er því almennt talið að nota skuli 3. mgr. 7. gr. skbl. þegar tjónþola tekst ekki að sýna fram á að skilyrði 2. mgr. séu uppfyllt og laun 1. mgr. eru lægri en þau sem 3. mgr. kveður á um.

Lágmarkslaunin sem 3. mgr. kveður á um eru 1.200.000 krónur á ári fyrir 66 ára og yngri en fer svo lækkandi með aldri tjónþola.²⁸

Í Hrd. 18. september 2014 (142/2014), sem áður hefur verið reifaður var til skoðunar aðalkrafa tjónþola um að árslaun skyldu ákveðin samkvæmt hámarkslaunaviðmiði 4. mgr. 7. gr. skbl. en varakrafan sú að árslaunin skyldu ákveðin samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skbl. Ekki var fallist á að tjónþola hafi tekist að sýna fram á að þau ákvæði ættu við og voru árslaun hans ákveðin samkvæmt lágmarkslaunaviðmiði 3. mgr. 7. gr. skbl.

²⁷ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 543

²⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 543

Í 4. mgr. 7. gr. skbl. er kveðið á um þau hámarksárslaun sem hægt er að leggja til grundvallar við ákvörðun árslauna tjónþola, en það hámark eru 4.500.000 krónur á ári. Það viðmið breytist ekki með tilliti til aldurs tjónþola líkt og gerist með lágmark 3. mgr.²⁹

Þegar fjárhæð lágmarkslaunaviðmiðs 3. mgr. 7. gr. skbl. var ákveðin árið 1999 með lögum nr. 37/1999 var hún um 85% af meðallaunum landverkafólks innan ASÍ.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 7. gr. skbl. eru sérstök að því leyti að fjárhæðir þeirra uppfærast í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna, sbr. 1. mgr. 15. gr. skbl. Hefur þessi tilhögun sætt gagnrýni en ljóst er að sú hækkun sem orðið hefur á launum frá setningu skaðabótaganna er langt umfram þá hækkun sem orðið hefur á lánskjaravísitölu frá gildistöku þeirra.³⁰

Árið 2018 var lagt fram frumvarp til breytinga á skaðabótagögum, þar sem m.a. var lagt til að þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 3. og 4. mgr. 7. gr. skbl. skyldu breytast í hlutfalli við breytingar á launavísitölu, í stað lánskjaravísitölu.³¹ Var það rökstutt með því að lágmarks- og hámarkslaun laganna hafi ekki hækkað í samræmi við launaþróun.³²

Í frumvarpinu kemur fram að lánskjaravísitalan hafði í desember 2016 hækkað um 263,8% frá gildistöku skaðabótaga í júlí 1993, en á sama tíma hafði launavísitalan hækkað um 451%. Þýðir þetta að fjárhæð 3. mgr. 7. gr. skbl. sem áður var um 85% af meðallaunum verkafólks var í desember 2016 um 54% af meðaltekjum verkafólks.³³

Hefur þessi þróun haldið áfram síðan frumvarpið var lagt fram, en í ágúst 2021 var lánskjaravísitalan 9926 og launavísitalan 793,9. Hefur því lánskjaravísitalan þrefaldast frá gildistöku skaðabótaga en launavísitalan sexfaldast. Þá voru meðaltekjur verkafólks 7.356.000 kr. árið 2020 en uppfærð lágmarkslaun 3. mgr. 3.466.000 kr. í júlí sama ár, og voru því um 47% af meðaltekjum verkafólks.³⁴

Markmið frumvarpsins var að leiðrétta þennan mismun en þar sem frumvarpið varð ekki að lögum virðist munurinn vaxa með hverju ári. Ljóst er að margir sem falla ekki undir 1. mgr. 7. gr. skbl. og geta ekki að sýnt fram á að þeirra tilvik eigi undir 2. mgr. 7. gr. skbl. þurfa að sæta

²⁹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 544

³⁰ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 545

³¹ Þskj. 626, 148. lögþ. 2017-2018, bls. 13 (enn óbirt í A-deild Alþt.)

³² Þskj. 626, 148. lögþ. 2017-2018, bls. 3 (enn óbirt í A-deild Alþt.)

³³ Þskj. 626, 148. lögþ. 2017-2018, bls. 11 (enn óbirt í A-deild Alþt.)

³⁴ Eiríkur Jónsson: „Hvaða breytinga er þörf á skaðabótagögum?“, bls. 181-182

þeim lágmarkslaunum sem 3. mgr. 7. gr. skbl. býður upp á, en eins og áður er rakið eru þær viðmiðanir ekki lengur í eðlilegu samræmi við laun á almennum vinnumarkaði eins og upphaflega var miðað við.³⁵

Það sama gildir um hámarkslaunaviðmið 4. mgr. 7. gr. skbl. og er ljóst að sífellt fleiri eru yfir þeirri fjárhæð og fá því ekki fullar bætur fyrir tjón sitt.³⁶

Í frumvarpinu segir um 4. mgr. 7. gr. skbl.:

„Fjárhæð hámarksárslananna miðað við desember 2016 nemur 11.871.000 kr. eða 989.250 kr. á mánuði. Fullyrða má að í dag teljist ein milljón á mánuði ekki fara verulega fram úr því sem venjulegt er meðal tekjuhárna manna, enda mega slík laun raunar teljast nokkuð algeng meðal ýmissa starfsstétta.“³⁷

Líkt og með lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. hefur sama þróun átt sér stað varðandi hámarkslaunaviðmið 4. mgr. 7. gr. skbl. Árið 2015 voru meðallaun stjórnenda tæplega 104% af uppfærðum hámarkslaunum 4. mgr. 7. gr. skbl. en árið 2020 voru þau um 114%.³⁸

Til eru einhver dæmi, þó fá séu, um að tjónþolar hafi byggt á því að hámarkslaunaviðmið 4. mgr. 7. gr. skbl. fari í bága við stjórnarskrárvarin réttindi sín. Hér verða raktir tveir dómar Hæstaréttar þar sem dæmt var um þetta.

Í *Hrd. 2001, bls. 1169 (395/2000)*, var til umfjöllunar tilvik þar sem J sem var læknir slasaðist í bílslysi. Leiddu áverkar slyssins m.a. til lómunar og var varanleg örorka hans metin 100%. Við greiðslu skaðabóta frá S gerði hann nokkra fyrirvara, m.a. taldi hann að ákvæði 3. mgr. 7. gr. þáverandi skaðabótalaga (nú 4. mgr. 7. gr. skbl.) um hámarkslaunaviðmið brjóta í bága við stjórnarskrárvarin réttindi sín. Niðurstaða Hæstaréttar þegar kom að þessu álitaefni var sú að mat löggjafans sem fram kom í 3. mgr. 7. gr. skbl. (nú 4. mgr. 7. gr. skbl.), væri ekki ómálefnalegt. Það nái á sama veg yfir alla, sem eins stendur á um og fara yfir það tekjumark, sem það miðast við og var ekki talið brjóta gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Í *Hrd. 2006, bls. 3102 (19/2006)*, þar sem B, sem varð fyrir líkamstjóni í bílslysi, taldi að hámarkslaunaviðmið 4. mgr. 7. gr. skbl., sem lagt var til grundvallar við útreikning bóta til hans vegna varanlegrar örorku, færi gegn stjórnarskrárvörðum réttindum hans samkvæmt 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar. Krafði hann því T hf. um bætur án tillits til hámarks áðurnefndrar málgreinar. Þá tók Hæstiréttur fram að þau sjónarmið sem lögð höfðu verið til grundvallar í *Hrd. 2001, bls. 1169 (395/2000)*, sem tók til atviks sem varð fyrir breytingu skaðabótalaga með lögum nr. 37/1999, væru enn í fullu gildi þrátt fyrir lagabreytinguna.

³⁵ Þskj. 626, 148. lögþ. 2017-2018, bls. 13 (enn óbirt í A-deild Alþt.)

³⁶ Eiríkur Jónsson: „Hvaða breytinga er þörf á skaðabótalögum?“, bls. 182

³⁷ Þskj. 626, 148. lögþ. 2017-2018, bls. 12 (enn óbirt í A-deild Alþt.)

³⁸ Eiríkur Jónsson: „Hvaða breytinga er þörf á skaðabótalögum?“, bls. 182

Var niðurstaðan því sú að ekki var fallist á með B að 4. mgr. 7. gr. skbl. bryti í bága við stjórnarskrárvarin réttindi hans og kröfu hans var hafnað.

Ljóst er að þar sem fjárhæðir umræddra málsgreina eru bundnar við þær breytingar sem verða á lánskjaravísitölu að margir tjónþolar fá mun lægri bætur en þeir hefðu fengið ef umrætt frumvarp hefði orðið að lögum.³⁹ Ákvæði lágmarkslaunaviða 3. mgr. og hámarkslaunaviðmiða 4. mgr. 7. gr. skbl. halda ekki í við launapróun í landinu. Hvað varðar lágmarkslaun 3. mgr. er ljóst að þau eru nú langt undir meðaltekjum verkafólks. Þá er einnig ljóst að hámarkslaun 4. mgr. 7. gr. skbl. sem við setningu skaðabótaganna áttu aðeins að eiga við um fáa og afar tekjuháa einstaklinga eiga nú við um sífellt fleiri, eftir því sem laun landsmanna hækka hlutfallslega meira en hámarkslaun 4. mgr. 7. gr. skbl. Þá var stefnt að því með setningu skaðabótaga að tjónþoli fengi fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sem hann hlyti af völdum líkamsmeiðsla.⁴⁰

Ljóst er að þessi þróun hefur haft þær afleiðingar að sumir einstaklingar, sem fara yfir hámark 4. mgr. 7. gr. skbl. fá ekki ekki fullar bætur. Sjónarmiðum um að umrætt hámark fari í bága við eignarréttarákvæði 72. gr. og jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar hefur hingað til verið hafnað, eins og áður hefur verið rakið.⁴¹

Einnig verður að telja að miklu máli geti skipt fyrir tjónþola að fallist sé á að tilvik hans falli undir meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl. eða undantekningarheimild 2. mgr. 7. gr. skbl., þar sem afar óhagstætt getur verið fyrir tjónþola að skaðabætur fyrir varanlega örorku séu ákvarðaðar samkvæmt lágmarkslaunaviðmiði 3. mgr. 7. gr. skbl.

³⁹ Eiríkur Jónsson: „Hvaða breytinga er þörf á skaðabótagögum?“, bls. 181

⁴⁰ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 606

⁴¹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 544

5 Niðurstöður

Hér verður í stuttu máli farið yfir helstu niðurstöður ritgerðarinnar en markmið hennar var að varpa nánara ljósi á beitingu 2. mgr. 7. gr. skbl. í tilvikum sjálfstætt starfandi tjónþola.

Umfjöllunin hefur einkum beinst að því annars vegar hvenær fyrsta skilyrði 2. mgr. 7. gr. skbl., um óvenjulegar aðstæður sé uppfyllt í tilvikum sjálfstætt starfandi tjónþola og hins vegar hvernig árslaun þeirra eru ákvörðuð þegar fallist er á að um óvenjulegar aðstæður sé að ræða.

Hvað óvenjulegar aðstæður tjónþola varðar er ljóst að rýmkun heimildar 2. mgr. 7. gr. skbl. með lögum nr. 37/1999 hefur leitt til þess að henni sé beitt í þeim tilvikum þar sem ætla má að beiting meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl. þykir af einhverjum ástæðum ekki réttmæt. Þegar um ræðir sjálfstætt starfandi tjónþola bendir dómaframkvæmd Hæstaréttar og Landsréttar til þess að þessar óvenjulegu aðstæður geti bæði verið tilkomnar vegna þess að tjónþoli byrjar eigin atvinnurekstur en þá getur einnig verið um að ræða aðrar utanaðkomandi aðstæður sem hafa áhrif á eigin atvinnurekstur tjónþola, eins og sjá má af dómum Hæstaréttar í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008, þ.e. *Hrd. 28. apríl 2016 (454/2015)*, þar sem báðir aðilar voru sammála um að um óvenjulegar aðstæður væru að ræða vegna vegna afleiðinga efnahagshrunsins og *Hrd. 22. febrúar 2018 (70/2017 og 71/2017)*, þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að mikið atvinnuleysi í kjölfar efnahagshrunsins gæti fallið undir óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skbl.

Af dómaframkvæmd verður ekki séð að nein ákveðin meginregla hafi skapast um val á launaviðmiði við ákvörðun árslauna sjálfstætt starfandi tjónþola við óvenjulegar aðstæður. Horft er á hvert tilvik fyrir sig en algengt er að miðað sé við meðallaun viðkomandi starfsstéttar sé það mögulegt en annars meðallaun iðnaðarmanna eða tekjur tjónþola þann hluta af viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skbl. sem ekki telst óvenjulegur, sbr. *Lrd. 19. desember 2018 (426/2018)*.

Sérstakt deiluefni er það hvort unnt sé að taka tillit til hagnaðar af atvinnurekstri sjálfstætt starfandi tjónþola þegar árslaun hans eru ákvörðuð samkvæmt 7. gr. skbl. Er svarið við þessu álitaefni breytilegt en af dómaframkvæmd Hæstaréttar og Landsréttar má draga nokkrar ályktanir.

Það er grundvallarskilyrði þess að tekið sé mið af hagnaði af atvinnurekstri tjónþola við ákvörðun árslauna hans samkvæmt 7. gr. skbl. að tjónþoli sé einyrki, þ.e. að hagnaðurinn sé myndaður af honum einum en ekki af öðrum þáttum, t.a.m. vinnuframlagi annarra starfsmanna, en tjónþola, sbr. *Lrd. 1. febrúar 2019 (347/2018)*, vörusölu eða ytri aðstæðum. Er það vegna

Þess að örðugt reynist við þær aðstæður að aðgreina þann hagnað sem er tilkominn vegna vinnu tjónþola annars vegar og hagnaðar sem er tilkominn af öðrum þáttum.

Dómaframkvæmd bendir þá til þess að þegar fallist er á með tjónþola að taka mið af hagnaði af atvinnurekstri hans þá séu árslaun hans ákvörðuð á grundvelli meginreglu 1. mgr. 7. gr. skbl. en sé ekki fallist á að taka mið af hagnaði. Beiti dómstólar frekar 2. mgr. og eða jafnvel 3. mgr. 7. gr. skbl., þar sem tekjur þær sem ákvarðaðar væru á grundvelli 1. mgr. án tillits til hagnaðar gæfu ekki rétta mynd af líklegum framtíðartekjum tjónþola. Þetta er þó ekki án undantekninga eins og sjá má af *Hrd. 1. desember 2011 (138/2011)*.

Draga má þá ályktun að hér á landi hafi myndast eða sé að myndast nokkuð skýr dómaframkvæmd í þessum efnum. Niðurstöður dóma sem hafa gengið frá aldamótum eru að mestu leyti á sömu lund og eru gjarnan notaðir sem dómafordæmi í niðurstöðum síðar tilkominna dóma.

Það er tjónþola að sanna hvaða tekjur hann hefur haft og er algengast að það sé gert með framlagningu skattframtala. Er hér miðað við raunverulegar tekjur. Þá er tjónþola heimilt að sýna fram á launatekjur sínar með öðrum hætti en framlagningu skattframtala, t.a.m. ef sjálfstætt starfandi tjónþoli hefur reiknað sér ákveðin laun en þau reynast svo annaðhvort hærri eða lægri þegar upp er staðið, hann gæti þá þurft að grípa til fleiri sönnunargagna en skattframtala til að sýna fram á rauntekjur sínar.⁴² Tjónþoli ber einnig sönnunarbyrðina fyrir því ef hann telur sig hafa með eigin vinnuframlagi myndað hagnað af atvinnurekstri sínum sem hafi skilað sér ávinningi í verðmætaaukningu.⁴³

Hvað varðar 3. og 4. mgr. 7. gr. skbl. er ljóst að þar sem fjárhæðir þeirra eru bundnar við breytingar á lánskjaravísitölu séu margir tjónþolar sem fá mun lægri bætur eftir því sem bilið milli launa og lánskjaravísitölu breikkar. Ljóst er að umræddar málsgreinar halda engan veginn í við launaþróun í landinu. Getur því verið mikið hagsmunamál fyrir tjónþola að árslaun hans séu ekki ákveðin á grundvelli lágmarkslaunaviðmiðs 3. mgr. 7. gr. skbl. Þá er einnig ljóst að sífellt fleiri tjónþolar eiga við um hámarkslaunaviðmið 4. mgr. 7. gr. skbl. og fá því ekki fullar bætur fyrir varanlega örorku sína.⁴⁴

⁴² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 684

⁴³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 684

⁴⁴ Eiríkur Jónsson: „Hvaða breytinga er þörf á skaðabótalögum?“, bls. 181-182

HEIMILDASKRÁ

Alþingistiðindi.

Asger Friis, Ole Behn og Viggo Bertram: *Arbejdsskadeforsikringsloven med kommentarer: lov om forsikring mod følger af arbejdsskade*. Kaupmannahöfn 1995.

Eiríkur Jónsson: „Hvaða breytinga er þörf á skaðabótalögum?“. *Tímarit lögfræðinga*, 2. hefti 2021, bls. 175-200.

Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I. Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2015.

Páll Hreinsson: „Ákvörðun árslauna við óvenjulegar aðstæður samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti 2010, bls. 399-411.

Vefsíða Alþingis: „Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum“, <https://www.althingi.is/altext/148/s/0626.thml> (skoðað 20. mars 2022).

Vefsíða Skattsins: „Reiknað endurgjald 2022“, <https://www.skatturinn.is> (skoðað 28. mars 2022).

Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2005.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 2001, bls. 1169 (395/2000)

Hrd. 2001, bls. 4311 (143/2001)

Hrd. 2004, bls. 688 (328/2003)

Hrd. 2004, bls. 1336 (374/2003)

Hrd. 2004, bls. 3374 (59/2004)

Hrd. 2006, bls. 3102 (19/2006)

Hrd. 14. febrúar 2007 (307/2007)

Hrd. 18. nóvember 2010 (100/2010)

Hrd. 24. febrúar 2011 (405/2010)

Hrd. 1. desember 2011 (138/2011)

Hrd. 27. september 2012 (45/2012)

Hrd. 18. september 2014 (142/2014)

Hrd. 28. apríl 2016 (454/2015)

Hrd. 22. febrúar 2018 (70/2017)

Hrd. 22. febrúar 2018 (71/2017)

Dómar Landsréttar:

Lrd. 19. desember 2018 (426/2018)

Lrd. 1. febrúar 2019 (347/2018)

Danskir dómar:

UfR. 2005, bls. 1594H